




**Ársskýrsla**  
2010

---


## Efnisyfirlit

---

1	Ávarp formanns .....	4
2	Staða og hlutverk skólans .....	5
	Hlutverk .....	5
	Framtíðarsýn .....	5
3	Gildi og stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins 2011-2013 .....	6
	3.1 Gildi Tækniskólans: .....	6
	Menntun.....	6
	Virðing .....	6
	Fagmennska.....	6
	Framsækni.....	6
	3.2 Stefna í kennslu og námi .....	7
	3.3 Stefna í þróun námsbrauta .....	7
	3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna .....	8
	3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði .....	8
4	Stjórn skólans, stjórnendur og starfsfólk .....	9
	4.1 Eigendur og stjórn .....	9
	4.2 Stjórnendur og skipurit.....	9
5	Skólar Tækniskólans .....	10
	5.1 Byggingatækniskólinn.....	10
	5.2 Endurmenntunarskólinn.....	10
	5.3 Fjölmenningskólinn.....	11
	5.4 Flugskóli Íslands .....	12
	5.5 Hársnyrtiskólinn .....	12
	5.6 Hönnunar- og handverksskólinn.....	13
	5.7 Raftækniskólinn .....	13
	5.8 Skipstjórnarskólinn .....	14
	5.9 Tæknimenntaskólinn .....	14
	5.10 Vélækniskólinn.....	15
	5.11 Upplýsingatækniskólinn.....	15
6	Ýmsar tölulegar upplýsingar um skólahald .....	17
	6.1 Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í dagskóla 2009 og 2010.....	17
	6.2 Brottfall árið 2009 .....	18
	6.3 Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2010.....	19



6.4	Meðalaldur nemenda Tækniskólans 2008 - 2010 .....	19
6.5	Brautskráningar .....	20
6.6	Námskrá .....	20
7	Sjálfsmat og innra eftirlit .....	21
7.1	Gæðakerfi .....	21
7.2	Kennslumat .....	21
7.3	Miðannarmat .....	22
7.4	Innra rýni .....	22
9	Félagslíf Nemenda .....	23
9.1	Nemendasamband Tækniskólans .....	23
9.2	Fjármál NST .....	23
9.3	Aðstaða NST .....	24
9.4	Viðburðir .....	24
9.5	Leikfélag Tækniskólans .....	24
10	Starfsfólk .....	25
10.1	Starfsmannafundir .....	25
10.2	Starfsmannafélag, starfsemi .....	26
11	Bókasöfn .....	26
11.1	Tölfræði árið 2010 .....	26
11.2	Safneign janúar 2010/2009 .....	27
11.3	Stöðugildi janúar 2010 .....	27
12	Samvinna og tengsl við atvinnulífið .....	28
12.1	Prenttæknistofnun gefur Tækniskólanum tölvur .....	28
12.2	Nýtt mötuneyti og bókasafn Tækniskólans vígð við hátíðlega athöfn .....	28
12.3	Live@edu samvinnuverkefni .....	29
12.4	Íslandsmót iðn- og verkgreina .....	29
12.5	Nemandi skólans vinnur til verðlauna .....	30
13	Húsnæði í rekstri .....	32
13.1	Breytingar og viðhald á húsnæði .....	32
14	Ársuppgjör .....	33
14.1	Afkoma ársins .....	33
14.1	Aðhald og aðgæsla .....	34



## 1 Ávarp formanns

Ástandið í þjóðfélaginu undanfarin ár hefur verið með daprasta móti. Miklar skattahækkanir, atvinnuleysi í hæstu hæðum, fjárfestingar í lágmarki og mikill niðurskurður hjá hinu opinbera. Það er því einstaklega ánægjulegt að sjá hvernig stjórnendum og starfsfólki skólans hefur tekist að snúa vörn í sókn varðandi fjármál skólans 2010 eftir erfitt ár 2009.

Það er ánægjulegt að sjá það og finna hversu vel hefur tekist til með stofnun Tækniskólans. Ímynd skólans er mjög góð og stöðugt berast jákvæðar fréttir af skólastarfinu og félagslífinu innan skólans. Þetta endurspeglast í að aðsókn að skólanum hefur verið mjög góð og færri komist að en vilja.

Í tengslum við síðustu kjarasamninga var kynnt átakið „Nám er vinnandi vegur“ sem er átak í menntunarmálum atvinnuleitenda svo og þeirra sem yngri eru en 25 ára. Sérstök áhersla verður lögð á kynningu á starfsmenntun. Framhaldsskólar geta strax í haust tekið inn umsækjendur yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði. Þetta er mjög jákvætt skref og því ber að fagna. Þetta átak kemur til með að efla enn frekar iðn- og tæknimenntun og okkar sterka tækniskóla.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, er leiðandi skóli á sínu sviði og er að koma vel út í samanburði við aðra framhaldsskóla landsins. Tækniskólinn er öflugur skóli sem býður uppá góða iðn- og tæknimenntun og það er grunnur að því að þjóðfélagið nái sér á strik á ný.

Stjórnarformaður Tækniskólans, skóla atvinnulífsins,

Bolli Árnason



## 2 Staða og hlutverk skólans

Í þjónustusamningi TS og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2008 er kveðið á um áherslur, markmið og hlutverk skólans. Það er mat Tækniskólans að vel hafi tekist að starfa eftir þeim stefnumiðum og ná þeim markmiðum sem þar voru sett. Tækniskólinn hefur, á þeim þrem árum sem hann hefur starfað, haslað sér völl sem viðurkenndur og eftirsóttur iðn- og starfsmenntaskóli í hraðri þróun.

Samstarf við aðila atvinnulífsins hefur verið stóraukið frá því sem áður var og hefur nú þegar mikil áhrif á þróun náms og námsbrauta. Fagráð, sem er samstarfsvettvangur launþega, atvinnurekenda og skólans hefur miklu hlutverki að gegna í þróun hans.

Á þessum árum hefur brottfall nemenda frá námi minnkað umtalsvert, viðvera nemenda aukist og aðsókn að skólanum meiri. Kennslu og áfangamat nemendanna í skólanum er einnig mjög gott.

Helstu stefnumið Tækniskólans og sérstakt hlutverk standa óbreytt en hér verður gerð grein fyrir áherslum í stefnu Tækniskólans til næstu ára, helstu gildum hans og leiðum.


### Hlutverk

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 og aðalnámskrá framhaldsskóla. Tækniskólinn tekur mið af þeim lögnum í þróun skólans og unnið er að endurskoðun allra námskráa í anda þeirra. Hlutverk Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sérskólum og háskólum. Einnig er það hlutverk skólans að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og leitast við að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsóttá handverks- iðnaðar- tækni-, vélstjórnar og skipstjórnarmenn til starfa í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi bæði til sjós og lands.

### Framtíðarsýn

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli landsins, njóti virðingar nemenda og atvinnulífs fyrir góða menntun og verði eftirsóttur vinnustaður. Tækniskólinn verði leiðandi í framboði á framhaldsmenntun að loknu starfsnámi.



## 3 Gildi og stefna Tækniskólans, skóla atvinnulífsins 2011-2013

### 3.1 Gildi Tækniskólans:

#### Menntun

Við leitumst við að veita nemendum okkar fjölbætta menntun sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni. Við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraftinn og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

#### Virðing


Við mætum hverjum nemenda þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður. Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

#### Fagmennska

Við leggjum áherslu á fagmennsku á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf. Við ástundum fagleg vinnubrögð og hagsýni í stjórn skólans og ákvarðanatöku. Við byggjum fagmennsku okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

#### Framsækni

Við erum fljót til nýjunga, leitum tækifæra og bjóðum nemendum nýjar lausnir. Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta. Við göngum á undan í innleiðingu nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.



### 3.2 Stefna í kennslu og námi

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda, og eftirliti með ástundun þeirra.

- Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
- Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefni af hendi.
- Kennarar þróa rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
- Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
- Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.

#### Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Afföll skráðra eininga verði undir 15%.
- Hlutfall staðinna eininga verði yfir 75% .
- Hlutfall lokaprófa í námsmati minnki um 30%.
- Notkun ferilmöppu sem hluti af námsmati aukist um 30% á ári.

### 3.3 Stefna í þróun námsbrauta

Námskrár allra námsbrauta verða endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldsskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

- Í samræmi við ný lög verði lokið endurskoðun allra námsbrauta Tækniskólans haustið 2013.
- Á hverju ári verði a.m.k. ein ný námsbraut þróuð með hagsmunaaðilum.
- Fjölgun nemenda sem ljúka námi af 4. þrepi frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins.
- Byggja upp samstarf við erlenda skóla
- Fá viðurkenningu erlendra og innlendra skóla á námi skólans á fjórða þrepi.

#### Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Verði nýjar/endurskoðaðar námskrár a.m.k. 4 á ári.
- Nýjar námsbrautir á 4. þrepi verði a.m.k. þrjár.
- Nemendum sem ljúka námi á 4. þrepi skólans fjölgi um 20%.

### 3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

- Kennslu- og áfangamat verði á hverri önn og þróist til að gefa betri mynd af stöðu kennslu og áfanga.
- Aðlögun kennslurýmis miðað við breytilegar áherslur verði unnið í samvinnu við starfsmenn.
- Skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum.
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og styður skólafélögin og nemendasambandið.

#### Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- Annað hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna.
- Einkunn kennslumats verði ekki undir 4.0.
- Einkunn áfangamats verði ekki undir 4.0.

### 3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náið með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- Stefnt er að því að tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld aukist sem hlutfall heildartekna.
- Unnið skal markvist að endurnýjun tækja og búnaðar.
- Allur skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001.

#### Mælipunktur:

- Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld verði allt að 20% af heildartekjum á þremur árum.
- Meðalnýting í námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári.
- Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum sé ætíð undir 80%
- Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli verði komið á skólann í heild og vottað ekki síðar en 2014.



## 4 Stjórn skólans, stjórnendur og starfsfólk

### 4.1 Eigendur og stjórn

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu eftirtalinnna aðila: Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka iðnaðarins, Samorku, Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík.

#### Stjórn:

Bolli Árnason	SI	stjórnarformaður
Friðrik Jón Arngrímsson	LÍÚ	varaformaður
Aðalheiður Héðinsdóttir	SI/Kaffítár	meðstjórnandi
Eiríkur Bogason	Samorka	meðstjórnandi
Finnbjörn Hermannsson	Samiðn	meðstjórnandi
Guðmundur Ragnarsson	VM	meðstjórnandi
Ylfa E. Jakobsdóttir	SI/Marel	meðstjórnandi


#### Varamenn í stjórn:

Sigurður Guðmundsson	Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík
Garðar Jóhannsson	SÍK
Ingi Bogi Bogason	SI
Kristján Vilhelmsson	Samherji
Magnús Þór Ásmundsson	SI/Alcoa Fjarðaál

### 4.2 Stjórnendur og skipurit

Skólameistarar Tækniskólans eru Baldur Gíslason og Jón B. Stefánsson. Aðstoðarstjórnendur eru Björg Jónsdóttir fjármála- og rekstrarstjóri, Guðmundur Páll Ásgeirsson námsstjóri, Gunnar Kjartansson gæðastjóri, Halldór Hauksson áfangastjóri. Þessir stjórnendur mynda rekstrarráð skólans, sem heldur vikulega fundi.

Aðrir stjórnendur eru Gunnar Sigurðsson umsjónarmaður fasteigna, Ómar Örn Magnússon sviðsstjóri Upplýsinga- og tæknisviðs, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir umsjónarmaður bókasafns. Skólastjórar eru 11.



## 5 Skólar Tækniskólans

Undir merkjum Tækniskólanum eru 11 skólar. Yfir hverjum skóla er skólastjóri. Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann og nær sú ábyrgð yfir skipulag kennslu og námsefni, ráðningar kennara og ráðgjöf nemenda varðandi áfangaval. Skólastjórar taka virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans.


### 5.1 Byggingatækniskólinn

Byggingatækniskólinn menntar iðnaðarmenn til starfa í byggingaiðnaði og einnig tækniteknara sem starfa á teiknistofum. Í Byggingatækniskólanum eru fimm verknámsbrautir auk náms í tækniteiknun.

Nám á verknámsbrautum hefst á sameiginlegu einnar annar grunnnámi. Eftir það skiptist námið í: Húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múrsmíði og veggfóðrun. Nám í þessum greinum tekur að jafnaði fjögur ár með starfsþjálfun.

Tækniteiknara vinna sérhæfð teiknistörf og annast frágang og faglega umsjón með teikningum og tilheyrandi gögnum. Tækniteiknun er 109 eininga nám og tekur að meðaltali 6 annir í skóla.

**Skólastjóri: Guðmundur Hreinsson.**



### 5.2 Endurmenntunarskólinn

Hlutverk Endurmenntunarskólans er að auka og efla endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Endurmenntunarskólinn býður upp á viðbótar- og framhaldsnám fyrir þá sem hafa lokið starfsmenntun og/eða stúdentsprófi sem og sérhæfð starfstengd réttindanámskeið og almenn námskeið, opin öllum.

Í Endurmenntunarskólanum – Tækniakademíu Tækniskólans fer fram viðbótarnám í eftirtöldum greinum:

- **Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu** er kennd í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Þrjár línur eru í boði, útvegsrekstrarfræði til 46 ein. (ígildi 92 ECTS ein.), flugrekstrarfræði 46 ein. (ígildi 92 ECTS ein.) og almennt nám í rekstri og stjórnun 46 ein. (ígildi 92 ECTS ein.).
- **Nám í lýsingarfræði** (60 ein.) er fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína á ljósinu og fræðast um samspil hönnunar, lita og ljóss, vali á lampabúnaði, notagildi lýsingar, áhrifamátt hennar á upplifun og túlkun skilaboða. Ný námskrá er í vinnslu og tekur námskipulagið mið af tillögum PLDA Professional Lighting Design Association sem eru alþjóðleg samtök lýsingarhönnuða.
- **Nám til iðnmeistaraprófs** er í umsjón Meistaraskólans. Markmið iðnmeistaránáms er að veita þeim fræðslu og þjálfun sem lokið hafa sveinsprófi svo þeir geti fengið meistarabréf skv. 10 gr. iðnaðarlaga nr. 47/1978, staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði. Ný námskrá fyrir iðnmeistaránám er í vinnslu.
- **Námskeið.** Endurmenntunarskólinn býður upp á fjölbreytt úrval námskeiða fyrir almenning og sérhæfð námskeið fyrir starfsfólk ólíkra atvinnugreina til sjós og lands ásamt undirbúningsnámskeiðum fyrir sveinspróf í rafvirkjun og vélvirkjun.

## Námskeið árið 2010 voru m.a. eftirfarandi:

### Hársnyrting

Pabbanámskeið – að binda hárið á dætrunum  
Undirbúningspróf fyrir sveinspróf í hársnyrtingu  
Andlit og hár  
Herraklipping – að kljást við erfitt hár

### Hönnun og handverk

Bókband, brúðarkjólinn – hönnun og saumaskapur, gítarsmíði, Grafis tölvusniðagerð – grunnnámskeið, hugmynda- og minningarbækur, höggvið í stein, hönnun og gerð barnajakka, litafræði fyrir bútasam, þrjónanámskeið fyrir byrjendur, langar þig að þrjóna lopapeysu, silfursmíði, skírnarkjólur, smíðað úr innlendum við, steinaslípun, útskurður í tré

### Málmur og tré

Eldhúskollur afa og ömmu frá 1940, Húsgagnaviðgerðir, Kassabílanámskeið, Kertastjakasmíði, Málmsuða fyrir almenning, Trésmíði fyrir konur

### Raftækni

Can Open kerfið, Gítareffektar, LCD skjáviðgerðir, Leikhúslýsing, MultiSim rafrásarhermir, PIC stýriörgjörvar, Rafeindatækni fyrir smíðakennara

### Rekstur og stjórnun

Áhrifaríkar kynningar, Breytingastjórnun og niðurskurður, Mannauðsstjórnun, Rekstrar- og birgðastjórnun, Starfsmannaviðtöl og launaviðtöl, Stjórnun og stefnumótun, Tímastjórnun, Þekkingarstjórnun og fræðslustarf fyrirtækja

### Skipstjórn – vélstjórn

ARPA ratsjárnámskeið, ARPA ratsjárnámskeið – endurnýjun, ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi, Endurnýjun skipstjórnarréttinda, GMDSS ROC/GOC, Hásetafræðsla, IMDG endurnýjun, IMDG meðferð á hættulegum farni, meðferð og frágangur á ferskum fiski, Smáskipanámskeið, 12m og styttri, Undirbúningur fyrir skemmtibátapróf, Smáskipavélavörður - vélgæslunámskeið 750 kW vél og minni

### Tungumál

Enska í námi og starfi, Icelandic Language Courses, Lad os snakke sammen

### Tölvur og upplýsingatækni

AutoCAD, Final Cut Express klippiforrit, Microsoft Project, Revit þrívíddarforrit – grunnur, Revit þrívíddarforrit – framhald, SketchUp þrívíddarforrit, Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla, Tölvunámskeið í fjarnámi, Vefhönnun og vefumsjón

### Umhverfi og útivist

GPS staðsetningartæki og rötun, Grjót- og torfhleðslur, Vatnajökulspjóðgarður

Skólastjóri: Anna Vilborg Einarsdóttir.

## 5.3 Fjölmenningskólinn

Í Fjölmenningskólanum eru tvær námsbrautir, starfsnámsbraut (sérnámsbraut), nýbúabraut og auk þess er samvinnuverkefni við Janus endurhæfing ehf.


Starfsnámsbraut er fyrir nemendur sem stundað hafa nám í sérdeildum grunnskólanna eða notið mikillar sérkennslu á grunnskólastigi.



Nýbúabraut. Í skólanum er öflugt nám fyrir nýbúa þar sem áhersla er á íslensku, tölvugreinar og stærðfræði. Nýbúabrautin er ætluð nemendum sem eru nýfluttir til landsins, vilja læra íslensku og auk þess laga þekkingu sína í ensku, stærðfræði og tölvugreinum að kröfum íslenskra framhaldsskóla.

Janus endurhæfing ehf. er endurhæfingarúrræði í skólanum fyrir einstaklinga sem vegna heilsubreysts eru eða hafa þurft að hverfa frá vinnumarkaðnum eða úr námi og vilja komast út í atvinnulífið. Brautin er tengd Fjölmenningskólanum varðandi kennslu og ýmsa þjónustu en starfar að öðru leyti sjálfstætt.

**Skólastjóri: Fjölur Ásbjörnsson.**



#### 5.4 Flugskóli Íslands

Flugskóli Íslands ehf. hefur kennsluréttindi, samkvæmt Evrópureglum JAA, til kennslu flugs frá grunni til atvinnuflugmannsréttinda. Skólinn sér einnig um endurmenntun flugmanna og kennslu í flugumferðastjórnun.

Flugskóli Íslands ehf. sér um megnið af kennslu flugmanna fyrir íslensku flugfélögin sem eru traustur bakhjarl skólans og þaðan koma margir kennarar sem kenna bæði bóklega og verklega kennslu við skólann. Skólinn hefur einnig séð um kennslu fyrir flugmenn frá erlendum félögum. Flugskólinn er með samning við Icelandair um þjálfun áhafna.

Flugskólinn er staðsettur að Bæjarflöt 1-3 en þar fer fram bókleg kennsla og þjálfun fyrir flugfélögin og þar er jafnframt staðsettur flughermir skólans og tæki og búnaður fyrir flugfélagabjálfun.

Verklega kennslan fer fram á Reykjavíkflugvelli þar sem er aðstaða fyrir bæði fyrir kennara og nemendur til undirbúnings flugs og kennslu.


**Skólastjóri: Baldvin Birgisson.**

#### 5.5 Hársnyrtiskólinn

Hársnyrtiskólinn menntar hársnyrta. Nám í hársnyrtið er fjölbreytt og starfssviðið margþætt. Grunnnámið á fyrstu tveimur önnunum veitir nemendum almenna þekkingu og innsýn í grundvallaratriði fagsins en síðan eru gerðar auknar kröfur til sjálfstæðis nemenda og sköpunarvinnu. Námið er skipulagt með það í huga að efla fjölbærni nemenda þegar út í atvinnulífið er komið og auðvelda þeim að aðlagast tiskusveiflum markaðarins jafnframt því að auka möguleika á samvinnu við tengdar starfsstéttir.

Meðalnámstími er fjögur ár og fer fram að hluta í skóla og að hluta í samningsbundnu vinnustaðanami.

**Skólastjóri: Ragnheiður Bjarnadóttir.**




## 5.6 Hönnunar- og handverksskólinn

Nám í Hönnunar- og handverksskólanum undirbýr nemendur fyrir starfsnám í faggreinum eða fyrir háskólanám á sviði hönnunar, arkitektúrs, handverks og/eða lista. Í Hönnunar- og handverksskólanum eru þrjár námsleiðir:

Fataiðnbraut (fatatæknir, kjólasaumur og klæðskurður) og gull og silfursmíðabraut útskrifa nemendur með fagréttindi. Námið er jafnframt góður undirbúningur fyrir háskólanám í hönnunargreinum. Náms tími er að jafnaði 4 ár með starfsþjálfun.

Boðið er upp á nám í hönnun á listnámsbraut með kjörsviðunum almenn hönnun og keramikhönnun. Nám á listnámsbraut undirbýr nemendur fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi. Náms tími er að jafnaði 6 annir.

**Skólastjóri: Sigríður Ágústsdóttir.**



## 5.7 Raftækniskólinn


Í Raftækniskólanum er veitt menntun í fimm iðngreinum: kvikmyndasýningarstjórnun, rafvirkjun, rafvélavirkjun, rafveituvirkjun og rafeindavirkjun. Grunnám rafiðna er 80 einingar og tekur að jafnaði 4 annir í skóla. Nemendur sem klára grunnám rafiðna geta öðlast réttindi í kvikmyndasýningarstjórnun að lokinni tólf vikna starfsþjálfun. Nemendur sem innritast í sérnám til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun þurfa að hafa lokið grunnnámi rafiðna. Nám til sveinsprófs í rafiðngreinum tekur að jafnaði 4 ár með grunnnámi rafiðna og starfsþjálfun í sex til tólf mánuði eftir brautum.

Í Raftækniskólanum er einnig kennd hljóðtækni en það er ný braut og kennd í samvinnu við Stúdíó Sýrland. Hljóðtækni er sextíu eininga nám, kennt vor, sumar og haust og geta nemendur þannig klárað námið á einu ári. Nemendur sem sækja um hljóðtækni þurfa að hafa lokið 60 einingum í framhaldsskóla og hafa reynslu eða menntun á sviði tónlistar.

Raftækniskólinn býður upp á hraðferð í Grunnámi rafiðna. Sú braut er ætluð nemendum sem lokið hafa stúdentsprófi á náttúrufræðibraut og er tekur tvær annir í stað fjögurra.

Mikil skörun er milli starfa í rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun og námið því að stórum hluta sameiginlegt. Sérhæfing hverrar greinar á sér aðeins stað á lokaönn námsins sem og í starfsþjálfun á vinnustað.


**Skólastjóri: Valdemar G. Valdemarsson.**



### 5.8 Skipstjórnarskólinn

Skipstjórnarskólinn annast kennslu í greinum skipstjórnar til alþjóðlegra réttinda, allt frá skemmtibátum til farskipa að ótakmarkaðri stærð og farsviði. Nám til E. stigs varðskipadeildar er boðið reglulega í samvinnu við Landhelgisgæsluna. Auk þess annast skólinn kennslu allra réttindatengdra námskeiða fyrir skipstjórnarmenn. Nemendur fá stigvaxandi atvinnuréttindi með auknum einingum og fara þeir gjarnan út í atvinnulífið og koma aftur síðar til áframhaldandi náms og réttinda. Nemendur af skipstjórnarsviði starfa sem skipstjórnarmenn, stýrimenn og skipstjórar, á öllum gerðum skipa, héraendis sem og erlendis, mismunandi eftir námi og réttindum.

**Skólastjóri: Vilbergur Magni Óskarsson.**



### 5.9 Tæknimenntaskólinn


Tæknimenntaskólinn annast kennslu almennra greina í öllum skólum Tækniskólans. Undir Tæknimenntaskólann heyrastúdentsbrautir Tækniskólans.

Annars vegar eru það náttúrufræðibrautir – flugtækni, skipstækni, véltækni og raftækni sem eru góð undirstaða fyrir nám á háskólastigi í raunvísindum og tæknigreinum. Auk þess opna þær tækifæri til áframhaldandi náms í hverri grein fyrir sig í Flugskóla Íslands, Raftækni-, Skipstjórnar- eða Vélskólanum.

Hins vegar er það stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum sem er viðbótarnám. Nemendur bæta við sig almennu námi samhliða starfsnáminu eða eftir að því er lokið til að ljúka stúdentsprófi.

**Skólastjóri: Kolbrún Kolbeinsdóttir.**

Fjöldi nemenda í Tæknimenntaskólanum 2006 -2010



### 5.10 Vél-tækniskólinn


Skólinn býður vélstjórnarnám sem veitir alþjóðleg réttindi til vélstjórnar að uppfylltum kröfum um siglingatíma og starfsþjálfun, ásamt stúdentsprófi og grunnnámi málmíðna.

Nemendur fá stighækkandi réttindi eftir því sem líður á námið. Námið er sambland af almennum bóklegum áföngum og verklegum áföngum á sviði málm-tækni, vélfræða, kælitækni, rafmagnsfræði, einnig er mikil áhersla á fræðilega þætti vélstjórnar sem kennir eru í bóklegum áföngum. Nemendur fá þjálfun í meðferð véla og tæknibúnaðar á sérhæfðum verkstöðvum og í fullkomnum vélhermum.

Útskrifaður vélfræðingur öðlast réttindi til atvinnu um allan heim á skipum af öllum stærðum og gerðum, hvort heldur er við fiskveiðar, flutninga eða á stærstu farþegaskipum, að öðrum kröfum uppfylltum. Réttindanámið skiptist í fjögur réttindaprep, VA réttindi að 750 kW, VB réttindi að 1500 kW, VC réttindi að 3000 kW og VD réttindi – vélfræðingur. Nemendur sem útskrifast sem vélfræðingar, útskrifast einnig sem stúdentar og hafa því greiðan aðgang að raungreinadeildum háskólanna. Vélfræðingar hafa gott orð á sér sem háskólanemendur vegna reynslu sinnar úr starfsnámi og færni við að takast á við flókin verkefni og leysa þau farsællega.

Skólastjóri: Egill Guðmundsson.

Fjöldi nemenda í Vél-tækniskólanum 2006 -2010



### 5.11 Upplýsingatækniskólinn

Í Upplýsingatækniskólanum eru þrjár námsbrautir:

#### Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

menntar fólk til starfa við allar hliðar á nútíma fjölmiðlun. Þar má nefna bókaútgáfu, blaðaútgáfu og netmiðlun, allt eftir því hvaða sérsvið er valið. Í náminu er fjallað um grafíska hönnun og framsetningu efnis fyrir prent-, net- og skjámiðla. Áhersla er m.a. á prentsmíð, týpógrafíu og grafíska hönnun, umbrot, margmiðlun og textameðferð, stafræna uppbyggingu mynda og litstýringu. Brautin tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni við framsetningu upplýsinga og miðlun þeirra.

Fyrstu þrjár annirnar er sameiginlegt grunn nám en að því loknu er hægt að velja milli fjögurra sérsviða. Það eru grafísk miðlun, bókband, prentun og ljósmyndun sem allt eru löggiltar iðngreinar. Að skólanámi loknu getur tekið við framhaldsnám af ýmsu tagi eða starfsþjálfun sem leiðir til sveinsprófs. Grunnnámið er 58 einingar og tekur þrjár annir,

en hvert sérsvið er 21 eining. Nám í ljósmyndun hefur í tilraunaskyni verið lengt í tvær annir í skóla og í staðinn er starfsþjálfunin stytt.

### Tölvubraut

Markmið tölvubrautar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á sem flestum sviðum tölvutækninnar. Tölvubrautinni er ætlað það hlutverk að vera ávallt í forystu í kennslu tölvufræða á framhaldsskólastigi í íslenskum framhaldsskólum. Nemendur sem ljúka þessari braut hafa öðlast hagnýta menntun í tölvufræðum sem opnar þeim mörg störf. Nemendur sem kjósa að halda áfram og búa sig undir framhaldsnám á háskólastigi fá mjög góðan grunn á þeim vettvangi tölvufræða sem þeir kjósa að sérhæfa sig í og stúdentspróf sem er sniðið að kröfum viðtökuskóla.

Nám á tölvubraut er skipulagt þannig að nemendur innritast fyrst í sameiginlegt grunnnám en að því loknu geta þeir valið mismunandi námsleiðir, s.s. forritun, vefsmíðar, gagnasafnsfræði og netfræði. Tölvubrautin er 108 eininga nám.

### Margmiðlunarskólinn


Nám í margmiðlun er fjölbreytt og starfsviðið margþætt. Margmiðlunarskólinn veitir nemendum almenna þekkingu og innsýn í grundvallaratriði margmiðlunar í heild en nemendur velja sér ákveðin sérsvið á seinni stigum námsins s.s. tölvuleikjagerð, þrívíddarvinnslu, viðmótshönnun og hreyfimyndagerð.

Inntökuskilyrði í Margmiðlunarskólann eru að nemendur hafi lokið stúdentsprófi eða prófi af starfsnámsbraut. Skipulag námsins miðar að fjölbreytni nemenda þegar þeir hefja störf að námi loknu og að því að þeir eigi auðvelt með að aðlagast breytingum á vinnumarkaði jafnframt því að auðvelda samvinnu milli ólíkra faghópa og starfsstétta. Margmiðlunarskólinn er nám á 4. stigi og er námstíminn fjórar annir.

**Vorið 2010** fékkst leyfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til tilraunakennslu tveggja nýrra námskráa í Upplýsingatækniskólanum. Það voru námskrár tölvubrautar og upplýsinga- og fjölmiðlabrauta sem samdar voru á grundvelli nýrra framhaldsskólalaga. Kennsla í þessum námskrám hófst svo haustið 2010 og hefur gefið góða raun. Lagðar til ýmsar breytingar frá núverandi námskrám, í nýrri námskrá upplýsinga- og fjölmiðlagreina er til dæmis gert ráð fyrir lengingu sérsviða, þ.e. hinna fjögurra löggiltu iðngreina: bókbands, grafískrar miðlunar, ljósmyndunar og prentunar, í tvær annir í stað einnar. Á Tölvubraut eru meðal annars lagðar fram tillögur um samþættingu stúdentsprófs við námið þannig að hægt sé að velja á milli þriggja námsleiða að loknu grunnnámi; tölvubrautar, stúdentsprófs með tölvugreinaáherslu eða stúdentsprófs með raungreinaáherslu.

### Skólastjóri: Bjargey Gígja Gísladóttir

Fjöldi nemenda í Upplýsingatækniskólanum 2006 -2010





## 6 Ýmsar tölulegar upplýsingar um skólahald

Skólaárið 2010 voru alls í námi í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins 2632 nemendur í dagskóla, fjarnámi, kvöldnám og dreifnámi. Frá árinu 2009 hafði þeim fækkað úr 2864 eða um 264. Þessi fækkun stafar mest af niðurskurði eininga til náms utan dagskóla en ráðuneytið skar framlög til náms utan dagskóla um 50% fyrir árið 2010. Einnig varð nokkur fækkun á dagskólanum vegna lækkunar á ríkisframlagi og skertum einingafjölda. Mesta fækkun í einstaka skóla var í Byggingatækniskólanum en þar fækkaði nemendum dagskóla um 17% á milli ára.

### 6.1 Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í dagskóla 2009 og 2010

Skóli	Braut nemenda	2009	2010
Byggingatækniskólinn	Grunnnám tréiðna	34	15
	Húsasmíði	110	92
	Húsgagnasmíði	14	33
	Málaraiðn	44	37
	Múriðn	34	25
	Tækniteiknun	83	61
	Veggfóðrun og dúkalagnir	5	3
<b>Byggingatækniskólinn Samtals</b>		<b>322</b>	<b>267</b>
Fjölmenningskólinn	Almenn námsb nýbúa	126	102
	Starfsnám	41	40
<b>Fjölmenningskólinn Samtals</b>		<b>167</b>	<b>142</b>
Hársnyrtiskólinn	Hársnyrtideild	126	132
<b>Hársnyrtiskólinn Samtals</b>		<b>126</b>	<b>132</b>
Hönnunar- og handverks.	Fataiðn	41	39
	Fatatæknir	68	96
	Gull- og silfursmíði	24	27
	Keramikhönnun	11	10
	Listnámsbraut	175	142
	Mótun	22	37
<b>Hönnunar- og handverksskólinn Samtals</b>		<b>341</b>	<b>351</b>
Raftækniskólinn	Grunnnám rafiðna	144	119
	Rafeindavirkjun	34	48
	Rafvirkjun	42	53
<b>Raftækniskólinn Samtals</b>		<b>220</b>	<b>220</b>
Skipstjórnarskólinn		66	77
<b>Skipstjórnarskólinn Samtals</b>		<b>66</b>	<b>77</b>
Tæknimenntaskólinn	Almenn braut	90	91
	Janus endurhæfing	22	22
	Náttúrufræðiþbrautir (tæknibr)	127	73
	Stúdentspróf af list-og starfsbr.	17	24
<b>Tæknimenntaskólinn Samtals</b>		<b>256</b>	<b>210</b>


Upplýsingatækniskólinn	Ljósmyndun	17	12
Upplýsingatækniskólinn	Margmiðlunarskólinn	64	58
	Tölvubraut	220	226
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	168	157
	Prentsmíð	25	37
	Prentun	5	4
<b>Upplýsingatækniskólinn Samtals</b>		<b>499</b>	<b>494</b>
Véltækniskólinn	Grunnnám málmíðna	7	13
	Véltækniskólinn	178	178
<b>Véltækniskólinn Samtals</b>		<b>185</b>	<b>191</b>

### Nemendur í fjar- kvöld og dreifnámi

Skóli	Fjar- kvöld og dreifnám	2009	2010
Byggingatækniskólinn	Fjar- kvöld og dreifnám	135	63
Raftækniskólinn	Fjar- kvöld og dreifnám	51	28
Skipstjórnarskólinn	Fjar- kvöld og dreifnám	55	67
Tæknimenntaskólinn	Fjar- kvöld og dreifnám	24	27
Upplýsingatækniskólinn	Fjar- kvöld og dreifnám	73	42
Véltækniskólinn	Fjar- kvöld og dreifnám	41	19
Tækniakademían- meistaraskóli	Fjar- kvöld og dreifnám	303	247
Tækniakademían- annað nám	Fjar- kvöld og dreifnám	áður talið	57
<b>Alls</b>	<b>Fjar- kvöld og dreifnám</b>	<b>682</b>	<b>548</b>

### 6.2 Brottfall árið 2009


Afföll af einingum hefur verið að lækka á undanförunum árum. Frá árinu 2008 hefur það lækkað um þrjú prósentustig. Markmið skólans er að lækka það enn frekar. Viðmið í afföllum eininga er hversu margar einingar eru við upphaf skólstarfs á hverri önn og hversu margar einingar skila sér til prófs. Ástæður þess að afföll eininga eru minni eru margar en þar má nefna að nemendahópurinn hefur verið að styrkjast og heildar viðvera nemenda í skólanum að batna.




### 6.3 Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2010

Ójafnvægi er í hlutfalli karla og kvenna í Tækniskólanum. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan eru enn sterkar „karla og kvenna“ greinar og þokast lítið í átt til jafnræðis í þeim greinum. Hlutfall kvenna í skólanum í heild árið 2010 var 35,9% og hafið lækkað úr 36,4% árið 2009 þannig að heldur stefnir í öfuga átt.


Hlutfall karla og kvenna eftir skólum árið 2010



Hlutfall kvenna í Tækniskólanum



### 6.4 Meðalaldur nemenda Tækniskólans 2008 - 2010



## 6.5 Brautskráningar

Á árinu 2010 varð breyting á útskrift Tækniskólans og henni skipt í tvo hluta. Annars vegar var útskrifað úr reglubundnu framhaldsskólanámi og hins vegar úr námi sem er eftir að framhaldsskóla er lokið. Sá hluti náms við skólann hefur hlotið nafnið Tækniakademían.

Árið 2010 útskrifuðust frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins 464 nemendur af 28 brautum framhaldsskólanáms. Voru það 34 nemendum færra en árið áður.

Verðlaun fyrir besta heildarárangur í dagskóla á vorönn 2010 hlaut Sigurður Helgi Védísarson úr Skipsstjórnarskólanum og fyrir næstbesta heildarárangur Sigrún Harpa Þórarinsdóttir, sem útskrifaðist frá Hönnunar og handverksskólanum.

Verðlaun fyrir bestan heildarárangur í dagskóla á haustönn 2010 Þóra Björk Samúelsdóttir, sem útskrifaðist úr Raftækniskólanum sem rafvirki en fyrir næstbesta heildarárangur Einar Magnús Baity, sem útskrifaðist með stúdentspróf af list- og starfsnámsbrautum frá Tækni-menntaskólanum.

Fleiri nemendur fengu viðurkenningu fyrir góðan námsárangur, en ýmis fyrirtæki og félag úr atvinnulífinu veita verðlaun þeim nemendum sem þykja skara fram úr á sinni braut. Við hverja útskrift eru veitt á bilinu 25-30 viðurkenningar af ýmsum toga.

Úr Tækniakademíunni útskrifuðust alls 174 nemandi af 7 mismunandi námslínum. Þær eru, hljóðtækni, Margmiðlunarskólinn, lýsingarfræði, lýsingarhönnun, diplómanám í rekstri og stjórnun, Mótun og Meistaraskólinn. Veitt voru verðlaun fyrir góðan árangur í öllum greinum.



## 6.6 Námskrá

Vinna að endurskoðun námskráa

Vorið 2010 var unnið að námskrám allra námsbrauta Tækniskólans. Fullunnar námskrár fyrir hársnyrtingu, rafiðngreinar, upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, tölvubraut og nýbúabraut voru sendar Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í maí og júní.

Leyfi fékkst til tilraunakennslu grunndeildar upplýsinga- og fjölmiðlagreina, tölvubrautar og nýbúabrautar frá haustinu 2010. Ekki voru teknar upp hinar nýju framhaldsskólaeiningar (fein) eins og gert var ráð fyrir við samningu námskránna, heldur var uppsetningu brautanna breytt til samræmis við hið gamla einingakerfi. Svör bárust ekki við beiðnum um að taka upp kennslu samkvæmt nýjum námskrám í hársnyrtingu og rafiðngreinum.

Áfram var unnið að námskrám haustið 2010 en af minna krafti en á vorönninni vegna almenns niðurskurðar. Það setti einnig ákveðið bakslag í vinnuna að horfið var frá upptöku nýju framhaldsskólaeininganna um sinn og gildistöku nýrra námskráa var frestað til haustsins 2015.

## 7 Sjálfsmat og innra eftirlit

### 7.1 Gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans, að ferlar skólans séu gegnsærir og þjónusta við nemendur sé eins og best verði á kostið. Það er ein af forsendum framþróunar að stöðugt sé hugað að endurbótum.

Alþjóðlegar samþykktir frá International Maritime Organisation (IMO), sem Ísland og þar með skólinn er aðili að, og lög frá Alþingi gera kröfur á skólann um vottað gæðakerfi skólans. Rökrétt er því að Skipstjórnarskólinn og Véltækniskólinn vinni eftir slíku kerfi. IMO gerir kröfu um heildarúttekt á gæðakerfinu á fimm ára fresti eða oftár. Þessi úttekt er gerð af utanaðkomandi, óháðum aðila.

Tækniskólinn hefur vottun ISO 9001:2000 fyrir hluta þess náms sem í skólanum er boðið og er ytri vottun framkvæmd á 6 mánaða fresti af Vottun EHF. Tækniskólinni heild hefur þegar innleitt marga af þýðingarmestu ferlum sem snúa að kennslu og skipulagi kennslu þvera á alla skóla innan Tækniskólans. Tækniskólinn stefnir að formlegri vottun allrar kennslu innan þriggja ára, ISO 9001:2000.

Gæðakerfi skólans á að tryggja að skólinn uppfylli þær þarfir og væntingar sem nemendur og aðrir viðskiptavinir hafa til hans. Gæðakerfið er leiðarvísir um kennsluferli skólans, hver gerir hvað, hvernig og hvenær. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skólinn starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Innihald gæðakerfis skólans er í Rekstrarhandbók hans sem opin er öllum í gegnum heimasíðu skólans, [www.tskoli.is](http://www.tskoli.is).


### 7.2 Kennslumat

Samkvæmt rekstrarhandbók skólans (gæðahandbók) er kennslumat framkvæmt meðal nemenda í skólanum á hverri önn og svara þeir spurningum á Námsnetinu um áfanga og kennslu. Spurningalisti er fyrirfram ákveðið og skólameistari samþykkir með undirskrift sinni á útprentaðan lista. Spurningasettið er svipað frá ári til árs og er sett upp tölvutækt í könnunarkerfi skólans. Kennslumat skólans er á ábyrgð Námsstjóra.

Nemendur svara kennslumati á Námsneti skólans og er könnunin opin í eina viku. Úrvinnsla gagna fer fram í rauntíma. Þegar könnunni er lokið er opnað fyrir matið og það birt kennurum og heildarniðurstöður matsins eru settar á heimasíðu skólans. Skólastjórar ræða niðurstöður kennslumatsins á miðannarmatsfundum sem er sjálfstætt ferli VKL-205 Frammistaða starfsmanna. Nemendum gefst kostur á að svara tíu spurningum um áfanga sem þeir sitja. Svarmöguleikar eru fimm.

Spurningarnar eru td. :

1. Hversu vel eða illa finnst þér kennarinn vera undirbúinn?
2. Hversu vel eða illa finnst þér kennarinn hafa komið námsefninu til skila?
3. Hvort finnst þér kennarinn vera stundvís eða óstundvís?
4. Er þú ánægð(ur) eða óánægð(ur) með framkomu kennarans við þig?
5. Hversu vel eða illa endurspeglar próf/verkefni kennsluna í áfanganum?
6. Hvort fannst þér verkefni áfangans vera áhugaverð eða leiðinleg?
7. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með námsefni áfangans?
8. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með kennsluna?
9. Hvernig líður þér venjulega í kennslustundum?
10. Hversu mikið eða lítið fylgist kennarinn með námi þínu?



Kennslumat - meðaltalseinkunn ( Einkunn 1-5)	haust 2008	2009	2010	vor 2011	Meðaltal
Byggingatækniskólinn	3,71	4,29	4,37	4,30	4,17
Hársnyrtiskólinn	4,44	4,54	4,57	4,40	4,49
Hönnunar- og handverksskólinn	4,36	4,34	4,31	4,21	4,30
Raftækniskólinn	4,06	4,07	4,09	3,93	4,04
Skipstjórnarskólinn	4,32	4,38	4,23	4,25	4,29
Tæknimenntaskólinn	3,93	3,87	4,04	4,02	3,96
Upplýsingatækniskólinn	4,25	4,30	4,36	4,12	4,26
Véltækniskólinn	3,82	4,16	4,14	4,06	4,04
Fjölmenningskólinn	4,23	4,28	4,45	4,23	4,30
<b>Tækniskólinn meðaltal</b>	<b>4,12</b>	<b>4,25</b>	<b>4,29</b>	<b>4,17</b>	<b>4,21</b>

### 7.3 Miðannarmat

Á hverri önn fer fram miðannarmat í Tækniskólanum. Nemendur svara spurningum um kennsluna í einstökum áföngum og kennarar gefa nemendum vitnisburð um stöðu þeirra í hverjum áfanga fyrir sig. Vitnisburðurinn byggir fyrst og fremst á því námsmati sem þegar hefur farið fram í viðkomandi áfanga.

Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum.

- A = Ágætt. Nemandanum gengur ákaflega vel.  
 B = Í lagi. Nemandinn hefur tók á efninu en má ekki slá slöku við.  
 C= Ábótavant. Nemandinn þarf að taka sig á til að ná áfanganum.  
 X= Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.

Miðannarmatið er hvatning til þeirra nemenda sem fá C að ganga af kappi í það að læra og leita aðstoðar hjá kennara eða námsráðgjafa til þess að skipuleggja námið í áfanganum. Þeir sem fá B eru hvattir til að slá ekki slöku við og helst að bæta árangurinn enn frekar. Þeir sem fá A eru hvattir til að halda áfram á sömu braut og gefa hvergi eftir.

### 7.4 Innra rýni


Skólameistarar í samvinnu við stjórnendur skólans ber ábyrgð á rýni stjórnenda, að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans og að unnið sé eftir þessu ferlum rekstrarhandbókar. Þar sem rekstrarráð er jafnframt gæðaráð skólans þá tvinnast gæðamál og önnur dagleg rekstrarmál skólans saman.

Rýnisfundur stjórnenda er sérstakur rekstrarráðsfundur sem er boðaður í lok hverrar annar. Til að undirbúa rýni stjórnenda tekur gæðastjóri saman skýrslu um: Samantekt og greiningu á öllum frábrigðum, ábendingum/kvörtunum, úrbótum og forvörnum sem fram hafa komið á önninni.

Til að vinna skýrsluna notar gæðastjóri þar til gerðan gátlista GAT-001 Rýni stjórnenda (gátlisti), sem telur upp viðfangsefni rýni.

Einnig er farið yfir gæðastefnu og markmið og metin þörf á auðlindum og umbótum. Nauðsynlegar aðgerðir og verkefni eru ákvarðaðar og settar á verkefnislista einstakra stjórnenda samkvæmt verklagi framkvæmdaráðs.

Skólameistarar fylgir öllum verkefnum á verkefnislista stjórnenda eftir, en sér sérstaklega til þess að gæðatengdar aðgerðir fari í réttan farveg.



## 9 Félagslíf Nemenda

Breyting varð á starfi félagsmálafulltrúa á árinu 2010. Í ljósi aðstæðna var starfshlutfall hans minkað úr 100% starfi í u.þ.b. 20%. Félagsmálafulltrúa starfar með nemendum að uppbyggingu og rekstri nemendasambandsins og er tengiliður við skólameistara. Rekstur og ábyrgð á nemendafélögunum breyttist mikið með nýjum framhaldsskólalögum frá Menntamálaráðuneytinu sumarið 2008. Með lögnum voru nemendafélög færð undir ábyrgð framhaldsskóla, sem þýðir meðal annars að starfsfólk skólanna sér um bókhald þeirra og í skaðabótamálum yrði skólinn ábyrgur. Félagsmálafulltrúi er Hulda Birna Baldursdóttir.

### 9.1 Nemendasamband Tækniskólans

Nemendasamband Tækniskólans (NST) fékk ný lög á árinu og var í þeim skerpt á hlutverki sambandsins annars vegar og skólafélagana sem starfandi eru í hverjum skóla hins vegar. Í öllum skólum Tækniskólans voru starfrækt skólafélög og voru mörg þeirra ágætlega virk. Skólafélög Tækniskólans eru í:

1. Byggingartækniskólanum
2. Fjölmenningskólanum
3. Flugskóla Íslands, nefnt TF-NEF
4. Hársnyrtiskólanum
5. Hönnunar- og handverksskólanum, nefnt Skissa
6. Raftækniskólanum
7. Skipstjórnarskólanum, nefnt Nemendafélag Stýrimanna
8. Tæknimenntaskólanum
9. Upplýsingatækniskólanum
10. Véltækniskólanum, nefnt SVIR

Formenn skólafélaganna mynda Nemendasamband sem fundar reglulega. Markmið Nemendasambandsins er að taka stærri ákvarðanir sem snúa að NST og skólafélögunum. Stjórn NST er kosin í almennri kosningu. Kosið er til formanns, gjaldkera, ritara, meðstjórnanda og skemmtanastjóra. Auk þess tilnefna formenn skólafélagana tvo úr sínum hópi í stjórn NST. Auglýstir voru stofnfundir ráða og nefnda eins og skemmtinefndar, leikfélags, ljósmyndanefndar og svo framvegis. Þessi ráð og nefndir hafa það hlutverk að virka eins og stuðningshópar í skipuriti NST. Sá greinarmunur hefur verið gerður á nefnd og ráði að nefnd hefur skyldum að gegna gagnvart NST en ráð eru hugsuð eins og áhugamannaklúbbar sem geta starfað með stuðningi NST. Nefndir hafa þá greiðari aðgang að styrkjum frá NST en takmark var sett á fjárfstyrki til ráða að upphæð 50.000 krónur. Í lok hverrar annar gefur félagsmálafulltrúi þeim nemendum sem verið hafa í forsvari fyrri félagsstörf 1-3 einingar fyrir störf sín í samráði við formenn félaga, klúbba og ráða.

### 9.2 Fjármál NST

Á árinu var sú breyting að ekki var innheimt félagsgjald af nemendum heldur var styrkur að upphæð 3.000.000 kr. lagður til nemendasambandsins á vorönn og haustönn.

Fjármálstjóri Tækniskólans sá um gjaldkerastarfið á liðnu skólaári, í þeim tilgangi að hafa góða yfirsýn yfir fjármálin og til þess að finna bestu aðferðir við útdelingu fjármagns til Nemendasambandsins og skólafélaganna. Styrknum til skólafélagana er deilt niður eftir fjölda nemenda. Þess var þó krafist til þess að fjármagn fengist að nóttur bærust á móti öllum kostnaði. Það sem eftir stóð af sjóði NST var notað almennt til félagsmála og til þess að greiða út sem styrki fyrir starfsemi ráða, nefnda og jafnvel til skólafélaga.

NST var á skólaárinu 2010 rekið með þrýði og töluverðum hagnaði þar sem einfaldlega náðist ekki að eyða öllu því fé sem upp safnaðist á önnunum tveimur. Helstu kostnaðarliðir á árinu 2010 voru Nýnemaballið á haustönn og Pallaball á vorönn. Einnig keypti NST ódýr hljóðfæri í hljóðfæraherbergi á 1. hæð Skólavörðuholtssins til notkunar fyrir nemendur og til þess að þau mætti nýta með upptökuverinu sem er í sama herbergi.

### 9.3 Aðstaða NST

Aðstaða Nemendasambandsins er góð bæði á Háteigsvegi og á Skólavörðuholti. Á bókasafnsgangi á 5. hæð á Skólavörðuholtinu er skrifstofa Félagsmálafulltrúa, skrifstofa stjórnar NST og Sturtuklefinn sem er fundarými fyrir nemendur. Þar er einnig lítil kaffistofa sem rekin er af NST. Á Háteigsvegi eru skólafélögin 3 sem þar hafa aðsetur hvert með sína skrifstofu. Á Skólavörðuholti er hljóðeinangrað tónlistarherbergi á 1. hæð þar sem nemendur hafa aðgang að 2 kassagíturum, rafmagnsbassa, trommusetti og litlu söngkerfi. Þar er fyrir tölva með Protools upptökubúnaði sem gerir hljómsveitum í Tækniskólanum kleift að taka upp lög með tveimur hljóðnemum. Nemendur hafa aðgang að íþróttasal sem skólinn leigir og er þar spilaður fótbolti alla fimmtudaga. Einnig er í skólanum lítil líkamsræktarstöð þar sem nemendur geta mætt nánast þegar þeim hentar ef þeir verða sér úti um aðgangskort. Þessi líkamsræktarstöð er líka notuð af starfsfólki TS.

### 9.4 Viðburðir

- Skíðaferð til Akureyrar þar sem 2 kennarar fóru ásamt félagsmálafulltrúa Tækniskólans með 60 nemendur. Skíðaferð var í 3 daga og tókst ferðin með eindæmum vel.
- Þátttaka í undankeppni Paintballmóts framhaldsskólanna
- Leiklistarklúbburinn sett upp leikrit sett upp í lðnú.
- Undankeppni Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var í Hátíðarsal með 10 keppendum.
- Lan-mót skólans voru haldin bæði vor 2010 og haust 2010 og gengu afar vel. Þátttaka var um 120 manns á hvoru móti.
- Þátttaka í skipulagningu Opinna daga á vorönn. Þar sem nær 60 nemendur komu að skipulagningu. NST greiddi laun allra aðkeyptra skemmtikrafta og fyrirlesara.
- 2 kósíkvöld voru haldin í matsal Skólavörðuholtisins á skólaárinu 2010 þar sem tónlist var spiluð og auk þess sem föndurhorn á Jólakósí sló rækilega í gegn.
- Fyrir utan þessa upptalningu voru haldnar fjöldamargar uppákomur á vegum skólafélaganna. Ætla má að þær hafi verið yfir 40 talsins, vísindaferðir, bíóferðir, föndurkvöld, árshátíðir undirskóla og fleira.
- Þátttaka í keppnum á vegum skólans eins og forritunarkeppni, lógókeppni.
- Nýnemaball haustsins var á skemmtistaðnum Venue 101, Reykjavík þar sem 150 nemendur skemmtu sér vel.

### 9.5 Leikfélag Tækniskólans

#### „Í hausnum á þér“

Leikritið „Í hausnum á þér“ er ævintýraverk fyrir fullorðna sem byggir á hugmyndum meðlima leikfélagsins sem fram komu á spunanámskeiði sem haldið var á síðustu önn. Handritið er unnið út frá hugmyndum nemendanna og síðan fullbúið af leikstjóranum en það er Agnar Jón Egilsson.

Verkið fjallar um 16 ára dreng sem nýverið hefur misst systur sína. Hann neitar að viðurkenna dauða hennar og leitir hennar í öðrum heimum en þeim sem við eigum að venjast. Á leið sinni kynnist hann dvergum, tröllum, skrimslum, eiturnöðrum og alls konar kynjaverjum og þarf að berjast fyrir lífi sínu til að ná sáttum við sjálfan sig og missinum sem hann hefur orðið fyrir.





## 10 Starfsfólk

Í lok ársins 2010 störfuðu hjá Tækniskólanum um 200 starfsmenn og hafði fækka nokkuð á árinu. Einkum kemur þar til fækkun í stoðþjónustu vegna aðhaldsaðgerða. Á árinu var lokið við að vista allar upplýsingar um starfsmenn á sérstakt svæði sem fékk nafnið „ég spjald.“ Allar upplýsingar um starfsmenn úr spjaldskrá hafa verið skannaðar inn og eru nú aðgengilegar starfsfólki. Þar geta starfsmenn líka haldið utan um ýmislegt sem þeir eru að gera svo sem frekari menntun, námskeið og þess háttar.

### 10.1 Starfsmannafundir

Haldnir eru fundir með öllum starfsmönnum a.m.k. tvisvar sinnum á önn, í upphafi og lok hvernar annar. Þess á milli eru kennarafundir í lok hvers mánaðar. Innan hvers skóla eru svo skipulagðir fundir sem fagskólastjórar halda utanum og ráðstafa þeim tímum sem eru með fundarhléum í töflum allra kennara.

Á fyrsta starfsmannfundi á vorönn 2010 sem haldinn var 4. janúar 2010 voru lagðar megin áherslur fyrir vorönnina:

#### Nám og námskrármál

- fjölþætt lokapróf – opnar leiðir
- innleiða nýjar lærdómsleiðir
- lærdómur nemenda (learning outcome) verði í fyrsta sæti
- kennsla verði lærdómsmiðuð og verkefnabundin
- þróa teymisvinnu kennara í kennslu í stærri hópum
- vera í forystu faglega og tæknilega
- skapa sterk tengsl við atvinnulífið

#### Gæðamál og ferlar

- endurskoða ferla í ljósi reynslu

#### Skólarnir verði sýnilegir

- sleggjur og ímynd, hver skóli vinnur að því að móta sínar áherslur og fyrir hvað hann vill standa
- aðhald og ráðdeildarsemi
- minnkun brottfalls
- kennarar skrái fjarvistir beint í INNU
- nota Námsnetið – allir með
- hagræðing og sparnaður í rekstri til að mæta niðurskurði

Á fyrsta starfsmannafundi haustannar sem haldinn var 20. ágúst 2010 voru kynnt áhersluatriði fyrir haust önnina:

#### Þróun í samskiptum og tækni, höldum nemendum inni

- láta sig varða um nemendur
- skapa öryggi
- nemandinn finni fyrir stuðningi
- persóna frekar en númer
- byggja markvist upp sjálfstraust nemenda
- þróa samskiptatækin og tæknina sem við höfum
- þróa verkefnabundið nám og símat

Boðið var upp á námskeið og fyrirlestra og a.m.k. einn kennarafundur og starfsdagur eftir áramót verða helgaðir viðfangsefninu.

Haldin voru ýmiskonar námskeið fyrir starfsmenn á árinu svo sem notendanámskeið á ýmiskonar tölvuforritum og einnig námskeið vegna notkunar á Námsneti skólans.



## 10.2 Starfsmannafélag, starfsemi

Starfsmannafélag Tækniskólans var formlega stofnað þann 3. október 2008. Starfsmannfélagið hefur starfað ötullega að mörgum góðum málum, bæði til eflingar á líkama og sál.

Í stjórn félagsins á árinu 2010 voru:

Ragnheiður Jónsdóttir formaður  
Chús M. Barja varaformaður  
Gunnar Sigurðsson meðstjórnandi  
Rakel Dögg Þorvarðardóttir meðstjórnandi  
Ómar Árnason, gjaldkeri

Hlutverk félagsins er að stuðla að góðum uppbyggjandi félagslegum samskiptum og samhug meðal starfsmanna Tækniskólans og að efna til margs konar félags- og menningarstarfs sem og skemmtana fyrir starfsfólkið. Haldin var árshátíð og jólaboð starfsmannafélagsins var haldið 11. desember að Skólavörðuholti.

Í lok vorannar var vorferð út í Viðey og eru meðfylgjandi myndir teknar við það tækifæri.



## 11 Bókasöfn

Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans er á tveimur stöðum, á Skólavörðuholti og Háteigsvegi.

Meginhlutverk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Þar er veitt fjölbætt og persónuleg þjónusta sem fellst m.a. í kennslu í upplýsingalæsi, útlánum og margs konar námsaðstoð. Hlutverk þess er einnig að styðja þróunarstarf skólans og félagslíf. Tölvustofa og fartölvur fyrir nemendur og kennara eru á bókasafninu og starfsmenn aðstoða við notkun þeirra ef þarf.

Starfsmenn bókasafns og upplýsingamiðstöðvar hafa umsjón með vef skólans, upplýsingaskjám og útgáfu prentkorta til nemenda og kennara. Þeir sinna einnig upplýsingaþjónustu sem áður féll undir skrifstofu skólans á Háteigsvegi.

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn hvar.is.

### 11.1 Tölfræði árið 2010

Skráðir titlar í bókasafnskerfið Gegni: 8766 (ath. ekki er allur safnkosturinn skráður í kerfið)

Heildarútlán : 16.878

Heildarfjöldi lánþega: 1000, þ.a. 898 nemendur

Lánþegastaða	Bækur	Geisladiskur /hljóðb	Tölvugögn	Mynddiskar	Tæki	Tímarit s-hefti	Alls
Lánþegi utan skólans	4	0	0	4	0	0	8
Kennarar	928	6	1	136	210	58	1.340
Starfsmenn	563	4	0	230	35	43	875
Nemendur	3.384	40	6	1382	9.801	38	14.655
<b>Alls 2010</b>	<b>4.879</b>	<b>50</b>	<b>7</b>	<b>1.752</b>	<b>10.046</b>	<b>139</b>	<b>16.878</b>
<b>Alls 2009</b>	<b>4.708</b>	<b>82</b>	<b>23</b>	<b>1.955</b>	<b>5.914</b>	<b>76</b>	<b>12.765</b>

## 11.2 Safneign janúar 2010/2009

Efni	Fjöldi 2010	Fjöldi 2009
Snælda/hljóðbók	7	7
Bækur	10.356	7.516
Geisladiskur/hljóðbók	73	62
Tölvugögn	21	46
Mynddiskar	524	354
Tæki	70	30
Tímaritshæfti	1.155	183
Myndbönd	7	0
<b>ALLS</b>	<b>12.213</b>	<b>8.204</b>

## 11.3 Stöðugildi janúar 2010

Stöðugildi við bókasafnið voru 4,5, þar af 1,7 stöðugildi menntaðra bókasafnsfræðinga. Starfsmenn voru 6 og flestir í hlutastörfum sem hentar rekstri safnsins vel þar sem það er með langa opnunartíma en í á vorönn 2010 var opið 98 klukkustundir á viku en 94 á vorönn.



## 12 Samvinna og tengsl við atvinnulífið

### 12.1 Prenttæknistofnun gefur Tækniskólanum tölvur

Þann 16. desember afhenti Prenttæknistofnun, Upplýsingatækniskólanum nítján iMac tölvur til nota við kennslu í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Tölvurnar koma sér vel því nauðsynlegt var að endurnýja tölvukost skólans.

Um leið var undirritað samkomulag milli prenttækni- og upplýsingatækniskólans um afnot prenttækni- og upplýsingatækni-af tölvanum til símenntanámsskeiða. Slíkur samningur hefur verið óformlega í gildi um árabil en við þetta tækifæri var fyrirkomulagið sett á blað og undirritað af Baldri Gíslasyni frá Tækniskólanum og Birni M. Sigurjónssyni sviðsstjóra prenttækni- og upplýsingatækni-af tölvanum.



Tölvurnar eru iMac með 21" skjá, 3.06 Ghz örgjörva og 500 GB hörðum diskum. Þær eru nægilega öflugar til að keyra öll nýjustu forritin sem kemur sér vel við kennsluna. Ekki síst í gerð og hönnun rafbóka sem færast sífellt í vöxt og munu taka markaðinn með trompi á næstu árum.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, kann Prenttæknistofnun bestu þakkir fyrir tölvurnar og minntist Baldur Gíslason skólameistari á að með þessari gjöf og í samningnum mætti sjá samstarf skóla og atvinnulífs í sinni bestu mynd.

Á myndinni eru Jón B. Stefánsson skólameistari Tækniskólans, Björn M. Sigurjónsson sviðsstjóri prenttækni- og upplýsingatækni-af tölvanum, Ómar Örn Magnússon deildarstjóri upplýsingatækni-af tölvanum, Bjargey Gígja Gísladóttir skólameistari Upplýsingatækniskólans, Tryggvi Jóhannsson kerfisstjóri, Baldur Gíslason skólameistari, Haraldur Dean Nelson forstöðumaður upplýsingatækni- og prenttækni-af tölvanum og Georg Páll Skúlason formaður Fbm.

### 12.2 Nýtt mótuneyti og bókasafn Tækniskólans vígð við hátíðlega athöfn

Mánudaginn 6. september var nýtt mótuneyti tekið í notkun í Tækniskólanum á Háteigsvegi. Þar með er lokið endurnýjun á fjórðu hæð í gamla Sjómannaskólahúsinu. Þar er nú glæsilegt bókasafn og góð nemendaaðstaða, ásamt þessu nýja mótuneyti.

Menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir ásamt ráðuneytisstjóra og fleiri starfsmönnum ráðuneytisins komu í heimsókn og skoðuðu hæðina. Jón Steindór Valdimarsson, formaður stjórnar Tækniskólans, ávarpaði gesti og bauð alla velkomna og gaf menntamálaráðherra orðið, sem formlega opnaði mótuneytið og alla fjórðu hæðina á Háteigsveginum. Síðan var gestum, nemendum og starfsfólki boðið upp á kaffi og kleinur.



### 12.3 Live@edu samvinnuverkefni

Á árinu var í gangi öflugt samstarfsverkefni Tækniskólans, EJS og Microsoft á Íslandi. Verkefnið fólst í því að nemendur notfærðu sér nýjustu tækni Microsoft við aðgengi forrita og til vistunar í skýinu. Nemendur skólans leystu fjölda verkefna og fjórum sinnum voru dregnir út verðlaunahafar sem fengu glæsileg verðlaun. Aðal verðlaunin voru hátæknifartölva.

**1. Vinningur** – (Gera möppu og skjal og deila til [tskoli@ejs.is](mailto:tskoli@ejs.is))

- **Alienware M11x** er leikjafartölvan. Magnað undraverk í leiki og margmiðlan með 11,6" skjá og öflugum Core i7 örgjörva frá Intel.
- Með fylgir:
  - Dell WM311 þráðlaus mús
  - Dell 5dot Curve fartölmutaska
  - Trend Titanium Maximum Security 36 mánaða leyfi



### 12.4 Íslandsmót iðn- og verkgreina

Nemendur Tækniskólans stóðu sig með mikilli þrýði á Íslandsmóti iðn- og verkgreina á árinu 2010.

Nemendur Hársnyrtiskólans stóðu sig frábærlega og fékk **Brynja Guðmundsdóttir** gullverðlaun fyrir samanlagðan árangur í dömuklippingu og lit auk fantasíugreiðslu í skólakeppninni í hársnyrtingu. Í einstaklingskeppninni fengu þær **Þórunna Erla Sigurjónsdóttir** brons og **Sigurbjörg Halldórsdóttir** silfur en þar voru lögð saman stig fyrir herraklippingu/lit, dömuklippingu/lit og uppgreiðslu. Aðrir keppendur frá skólanum stóðu sig einnig frábærlega.

Nemandi Byggingartækniskólans, **Birkir Örn Arnarson**, fékk gullverðlaun í trésmíði, **Guðmundur Kristinn Vilbergsson** vann til gullverðlauna í málaraíðn og **Sigurður Lúðvík Stefánsson** fékk gullverðlaun í vegg- og dúklögn.



"HR- áskorunin", eða hönnunarkeppni á eggvörpu á vegum HR var haldin á laugardardeginum og þar urðu **Brynjar Freyr Steingrímsson** og **Valur Þór Sigurðsson** í öðru sæti.

Myndband af eggvörpunni á youtube.

**Þóra Björk Samúelsdóttir** nemandi í rafvirkjun hreppti gullið í raflagnakeppninni.

Nemendur Vél-tækniskólans, þeir **Arngrímur Þorri Gylfason** og **Ólafur Kolbeinsson** urðu í öðru og þriðja sæti í málmsuðu.

Nemendur Upplýsingatækniskólans á sérsviðum grafískrar miðlunar og ljósmyndunar, kepptu innbyrðis á Íslandsmótinu. Keppnin var jöfn og átti dómnefnd í erfiðleikum með að velja sigurvegarana en að lokum var þó eitt verkefni valið sem besta verkefnið í keppninni. Sigurliðið var skipað þeim **Birni Þórisssyni** og **Rebekku Líf Albertsdóttur**. Íðan prenttækni svið veitti sigurvegurinum verðlaun.



Samhliða Íslandsmótinu fór fram keppni um bestu hárgreiðslumyndina. Ljósmyndaneminn sem sigraði er **Auður Rún Jakobsdóttir** en með henni unnu að verkefni: **Ólöf Gunnarsdóttir** hár, **Rakel Óskarsdóttir** förðun og módelið heitir **Þórleif Guðjónsdóttir**.

## 12.5 Nemandi skólans vinnur til verðlauna

Kolbeinn Stígsson, nemandi á Listnámsbraut, almenn hönnun, vann til veglegra verðlauna fyrir tillögu sína að nýju skipulagi á svæði Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Verðlaunaafhending fór fram við hátíðlega athöfn í Víkinni föstudaginn 11. Desember 2010.

Auglýst var eftir tillögum að nýju skipulagi á svæði Gömlu hafnarinnar í Reykjavík og var skilafrestur 6. október sl. Markmið þeirrar hugmyndasamkeppni var að draga fram hugmyndir sem sameina mismunandi þætti sem að verkefninu snúa:



## 12.6 Brot af umfjöllun um skólann og starfsemi hans í fjölmiðlum

Á árinu var mikli umfjöllun og góð um Tækniskólann í öllum gerðum miðla. Það er mikils virði að skólinn sýni vel hvað nemendur og kennarar eru að fást við. Stefna skólans hefur verið að hvetja nemendur og kennara til að vera sýnileg með það sem fer fram í skólanum.

Tækni & vísindi | mbl | 28.3.2010 | 13:54

Upplestur á frétt

### Sigruðu í forritunarkeppni



Sigurlið Alpha-deildarinnar en í þeirri deild kepptu þeir sem hafa stundað forritun umfram það sem kennt er í skólum. Með sigurlíðinu eru þeir Björn Þór Jónsson, starfandi forseti tölvunarfræðideildar HR, og Emil G. Einarsson framkvæmdastjóri sölusviðs Nýherja.

Tækniskólanemarnir Sveinn Fannar Kristjánsson og Jónatan Óskar Nilsson höfðu í fyrsta sæti í Alpha-deild forritunarkeppni framhaldsskólanna en auk þeirra var Gabríel Arthúr Pétursson í sigurlíðinu. Hann er nemandi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Keppnin fór fram í Háskólanum í Reykjavík um helgina og var haldin í samstarfi tölvunarfræðideildar HR, Nýherja og CCP.

Lið þeirra Fannars Ásbjörnssonar, Finnboga Darra Guðmundssonar og Elvars Arnar Hannessonar varð í fyrsta sæti í Beta-deild keppinnar. Og lið þeirra Unnars Freys Erlendssonar og Bjarka Ágústssonar varð í fyrsta sæti í Delta-deildinni.

Allir sigurvegararnir nema Gabríel eru nemendur í Tækniskólanum, að því er segir í tilkynningu.

# Umfangsmikið samstarf

Uppskeruhátíð fataiðndeildar Tækniskólans er í kvöld og fá nemendur í kjóla- og klæðskeradeild að sýna hvað í þeim býr með dyggri aðstoð nemenda úr öðrum deildum.

Nemendur í fataiðndeild Tækniskólans standa fyrir tiskusýningu í Tjarnarbiói í kvöld en nemendur úr hársnyrtideild og ljósmynda-deild skólans leggja hönd á plóg. „Við erum 33 nemendur úr fataiðndeild sem tókum þátt. Hársnyrtinernarnir sjá svo um greiðslur og ljósmyndanemarnir um myndatökur. Fyrirsæturnar eru síðan margar frá Elite Model Management og munu nemendur Airbrush & Makeup School sjá um föröun. Þetta er því umfangsmikið samstarf sem allir hagnast á enda geta fyrirsæturnar fengið myndir í möppurnar sínar sem og allir hinir,“ segir María Nielsen einn af fjórum skipuleggjendum. Tiskusýningin er lokaviðburðurinn á Unglist og er unnin í samstarfi við Hitt húsið. María lofar fjölbreyttri sýningu en nemendur koma ýmist úr kjólasaums- eða klæðskeradeild. „Það verða því bæði kvenmanns- og karlmannsföt á pöllum.“ Sýningin hefst klukkan 20 og er aðgangur ókeypis.



Skipuleggjendur sýningarinnar lögðu lokahönd á flikurnar sínar í gær en alls munu 33 fataiðnennar taka þátt. Frá vinstri: Elisabet Maren Guðjónsdóttir, Helga Jóakimsdóttir, Björg Gunnarsdóttir og María Nielsen.

# Húsgagnasmíði slær í gegn hjá nýnemum

Í hámarki uppsveiflunnar var aðsókn að námi í húsgagnasmíði í Tækniskólanum í lágmarki. Eftir hrundi flykkjast nýnemar í deildina. Nýnemar eru tíu að jafnaði en 22 vilja hefja nám eftir jól. Konur eru nú fleiri en karlar í deildinni.

**MENNUNN** Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingartækniskólans, segir áskón í húsgagnasmíði hafa sprungið út síöstu misseri. Alls sótu 22 um að byrja í húsgagnasmíði á komandi vorönn. Undanfarið hafa nýnemar hverju sinni verið tíu talsins. Guðmundur segir aðsóknina að húsgagnasmíðinni sveiflast talsvert eins og tiskubylgjur. Stundum hafi hún farið „undir frostmark“ eins og hann orðar það. „Þegar uppsveiflan í þjóðfélaginu var sem mest var minnsti spennin fyrir þessu námi en upp úr hruni byrjaði einhver undiraldra í hina áttina og núna virðist þetta vera alveg í þveröfuga stefnu,“ segir Guðmundur, sem kveður námið í húsgagnasmíði reyndar hafa tekið nokkrum breytingum. Það hafi færst meira í áttina að hönnun og því sæki fleiri listanemendur í deildina.

„Nú leyfum við nemendum að hanna sín eigin húsgögn og smíða eða þá að velja sér húsgögn eftir einhverja fræga hönnuði og smíða þau. Þar af leiðandi höfum við verið að fá nemendur sem hyggja á framhaldsnám í einhverju tengdu listum,“ útskýrir Guðmundur. Þótt sumir hyggi á framhaldsnám að loknu námi í húsgagnasmíði ætla aðrir að róa á önnur mið. „Það er kostur að geta bæði hannað og smíðað sína gripi. Margir hafa hug á því að selja sína eigin hönnun og ég hef verið að segja við þessa nemendur að það sé aldrei að vita nema grundvöllur sé fyrir því að fólk hafi litla verslun og verkstæði á bak



GUÐMUNDUR HREINSSON OG MAGNÍ Skólastjóri Byggingartækniskólans og skáþum og borðum sem nemendur í Tækniskólanum á Skólavörðuholti.

Þegar uppsveiflan í þjóðfélaginu var sem mest var minnsti spennin fyrir þessu námi en upp úr hruni byrjaði einhver undiraldra í hina áttina og núna virðist þetta vera alveg þveröfuga stefnu.“

GUÐMUNDUR HREINSSON SKÓLASTJÓRI


við – eins og þetta var hérna áð fyrri,“ segir Guðmundur. Í gær og í dag sýna fyrsta í

ALLT

28. október 2010 FIMMUDAGUR



„Stundum ykjum við veruleikann, annars væri þetta ekki sýning,“ segir Rakei. Það gildir um hárgreiðsluna sem Hanna Khyzhnyak vinnur að.



Jóhann Eymundsson að prófa sig áfram með vöflur í hári.



Skemmtileg útgáfa af afkrúllum í meðföllum í nínu Bjarkar Guðjónsdóttur.

# Framsækin og nútímaleg

Allt það mjústa úr heimi hártískunnar verður til sýnis á skemmtistaðnum Spot í kvöld. Sýningin er hluti af útkrifaferkefni nema við hársnyrtiskóla Tækniskólans sem bera hitann og þungann af skipulaginu.

Innlent | mbl | 18.9.2010 | 19:26 | Uppfært 20:00

Upplestur á frétt

## Á annað hundrað í tölvuleikjum



Góð stemmning er á LAN-mótinu í Tækniskólanum. [mbl.is/hag](http://mbl.is/hag)

Áhugafólk um tölvuleiki hefur hertekið matsal Tækniskólans alla helgina. Þar stendur yfir höpspilunarmót í tölvuleikjum sem LAN-nefnd skólans stendur fyrir. Er þetta stærsta mót skólans til þessa.

Salurinn var opnaður klukkan átta í gærkvöldi og þá fylltist húsnæðið og þurftu nokkrir frá að hverfa í bili. Síðan hefur salurinn verið opinn dag og nótt og alltaf einhver verið á staðnum. Opið verður til klukkan þrjú á morgun.

Mótið er öllum opið en nemendur Tækniskólans ganga fyrir, þegar aðsókn er of mikil.

## 13 Húsnæði í rekstri

Húsnæði skólans er á eftirtöldum 5 stöðum og er um 20 þúsund fermetrar að stærð:

**Skólavörðuholt;**

Aðalbygging  
Vörðuskóli

**Háteigsvegur;**

Sjómannaskólahús  
Vélahús  
Rafmagnshús

**Skeljanes** - múrdeild

**Brautarholt 8** – prentdeild

**Reykjavíkflugvöllur** – Flugskólinn

**Bæjarflöt 1-3** - Flugskólinn

### 13.1 Breytingar og viðhald á húsnæði

Viðhald húsnæðis skólans var með hefðbundnum hætti. Fasteignir Ríkissjóðs annast stærsta hluta viðhaldsins fyrir hönd húseiganda samkvæmt ákvæðum leigusamnings. Helstu viðhaldsframkvæmdir á vegum Fasteignanna á árinu 2010 voru:

- Neysluvatnslagnir endurnýjaðar í austurálmú Skólavörðuholti
- Nýr stofn lagður frá rafmagnsinntaki Skólavörðuholti
- Ný vinnuaðstaða kennara Hönnunar- og handverksskóla
- Þak miðálmú Skólavörðuholti lagfært
- Milliveggur færður við gullsmíðastofu
- Milliveggur færður við smíðastofu
- Bómuhliði komið fyrir og malbik lagað Skólavörðuholti
- Endurnýjuð öll malbikuð bílastæði Háteigsvegi
- Nýtt mótuneyti 4.hæð Háteigsvegi
- Hafist handa við endurbætur eldra mótuneytis Háteigsvegi (klárast 2011)
- Settur upp glerveggur eftir endilöngu lesrými bókasafns Háteigsvegi
- Gluggaskipti í vélahúsi Háteigsvegi
- Lagnir og ljós endurbætt í lagnakjallara Háteigsvegi
- Kerfisloft sett upp í stofu 625 í Vörðuskóla
- Björgunarop stækkuð á Vörðuskóla
- Brotrofum komið við allar útgönguleiðir Vörðuskóla
- Nýir gólfdukar lagðir á 2 stofur í rafmagnshúsi Háteigsvegi
- Viðgerðir á linoleumdúkum framhaldið
- Ísetning raflæsinga kláruð – tímastíllt fjarlæsing þá möguleg á öllum helstu fasteignum skólans





## 14 Ársuppgjör

### 14.1 Afkoma ársins

Í fyrsta skipti frá stofnun Tækniskólans er hagnaður af rekstri skólans. Verulegur viðsnúningur hefur orðið á rekstrinum milli ára 2009 og 2010, eða liðlega 100 milljónir króna. Viðsnúningurinn í heildarafkomu ársins er um 75 milljónir króna. Þessi árangur næst þrátt fyrir 100 mkr. niðurskurð á ríkisframlögum.

Launahlutfall lækkar úr 79,2% í 75,8% enda hefur störfum á stoðsviðum fækkað um liðlega 20%. Einnig hefur ítrasta aðhalds verið gætt í öðrum rekstrarkostnaði. Góður árangur í rekstri og hópanýtingu er fyrst og fremst að þakka samstilltu átaki allra starfsmanna skólans.

Heildartekjur ársins 2010 voru 2.077,5 milljónir, þar af sértekjur 319,5 milljónir. Rekstrarkostnaður nam 2.021,5 milljónum, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 1.575,9 milljón. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu samtals 54,5 milljónum. Hagnaður ársins nam því 892,5 þús. milljón.

Í árslok voru eignir samtals 415,5 milljónir og eigið fé 53 milljónir.

### Rekstrarreikningur ársins 2010

		2010	2009
	Skýringar		
<b>Rekstrartekjur</b>			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs .....		1.757.523.466	1.850.370.437
Aðrar tekjur og styrkir .....		319.542.224	284.640.620
		<u>2.077.065.690</u>	<u>2.135.011.057</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna .....		1.575.977.811	1.692.168.782
Rekstur húsnæðis .....		267.428.611	302.992.500
Annar rekstrarkostnaður .....		178.151.661	185.461.238
		<u>2.021.558.083</u>	<u>2.180.622.520</u>
<b>Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b>		55.507.607	(45.611.463)
Afskriftir .....	2	46.167.793	33.806.794
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		9.339.814	(79.418.257)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		777.597	9.960.286
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(6.563.335)	(6.322.599)
Gengishagnaður / (-tap) .....		(2.661.517)	1.597.565
		<u>(8.447.255)</u>	<u>5.235.252</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<u>892.559</u>	<u>(74.183.005)</u>

#### 14.1 Aðhald og aðgæsla

Vegna efnahagsástandsins hafa framlög til framhaldsskóla lækkað um ca 5,5% á árinu 2010 og gert ráð fyrir frekari skerðingu rekstrarframlags á árinu 2011.

Tækniskólinn náði einnig umtalsverðri hagræðingu með betri nýtingu hópa og markvissara skipulagi kennslunnar og verulegum niðurskurði á yfirvinnu kennara.

Tækniskólinn skilaði í heild um 150 nemendaígildum umfram þann kvóta sem skólinn hefur samkvæmt fjárlögum og er hægt að áætla að kostnaður skólans vegna þessarar umframkeyrslu nemendaígilda geti verið á bilinu 80-100 milljónir.

Tækniskólinn þarf á árinu 2011 að halda áfram í aðhaldi í rekstri og ná þeirri hagræðingu sem möguleg er í kennslu og skipulagi hennar. Einn mikilvægasti þátturinn í afkomu ársins 2011 er að áfram verði góð hópanyting og að skólinn fái greitt fyrir alla þá nemendur sem ljúka námi.

